

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2020

frá 25. september 2020

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/205 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar salmonellu í skriðdýrakjöti ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0205:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/205 frá 14. febrúar 2020 (Stjtið. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 63).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0205:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/205 frá 14. febrúar 2020 (Stjtið. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 63).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 63.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/205, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.